



REGLUGERÐ

Um auglýsingar

Gildissvið:

Reglugerð um auglýsingar á búningum og búnaði keppenda á mótum á vegum ÍHÍ og auglýsingar á keppnisvöllum. Einstökum félögum innan ÍHÍ er heimilt að auglýsa á búningum og búnaði leikmanna sinna (keppanda, þjálfara og fararstjóra) samkvæmt eftirfarandi:

1. gr.

Auglýsing má aðeins varða vörutegundir, vörumerki, þjónustu og fyrirtæki. Hún má ekki ganga í berhögg við anda íþróttar.

2. gr.

Þá upphæð, sem félag hlýtur fyrir auglýsingu, má aðeins nota til starfseminnar.

3. gr.

Auglýsingar á íþróttamannvirkjum skulu vera samkvæmt reglugerð ÍSÍ um auglýsingar.

4. gr.

Ef reglur þessar eru brotnar, getur stjórn ÍHÍ dæmt félag til refsingar, veitt því áminningu, ávítur eða sektað það, allt eftir eðli brotsins. Í mjög grófum eða endurteknum tilfellum skal úrskurða félag frá keppni.

Samþykkt á Íshökkíþingi, 11. maí 2019.